

Nd.

1286. Nefndarálit

[493. mál]

um frv. til l. um sparisjóði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. Á fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, bankaeftirlits Seðlabankans og Sambands ísl. sparisjóða.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og mælir meiri hl. með samþykkt frv. að samþykktum breytingum sem hann flytur á sérstöku þskj. Minni hl. skilar séráliti og flytur einnig brtt. við frv.

Í frv. er mörkuð sú meginsteftna að sparisjóðir hafi því sem næst sömu starfsheimildir og viðskiptabankar. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir að samvinna milli sparisjóða aukist og sparisjóðirnir gerðir á þann hátt færari um að sinna hlutverki sínu. Meiri hl. telur þessa stefnu rétta og til þess fallna að styrkja sparisjóðina sem innlánsstofnanir og skapa viðskiptamönnum þeirra aukið öryggi. Í þessu sambandi vill meiri hl. leggja sérstaka áherslu á að með stofnun Lánastofnunar sparisjóða er einungis verið að setja á laggirnar félag er vinni að verkefnum í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Henni er samkvæmt frv. ekki ætlað að eiga útláns- eða innlánsviðskipti við almenning. Lánastofnunin skapar möguleika á að gera sparisjóðina að virkari heild án þess að hróflað sé við sérstöðu þeirra með hliðsjón af staðbundnum viðhorfum á starfssvæði hvers einstaks sparisjóðs.

Alþingi, 14. júní 1985.

Páll Pétursson,
form.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Þorsteinn Pálsson,
frsm.

Kjartan Jóhannsson,
með fyrirvara.

Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.